

4. gr.

**Greiðslur sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.**

1. gr. reglugerðar nr. 94/1983 orðist svo:

Hámarksfjárhæð sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 1. mgr. í stafl. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1982 er kr. 1 200.

5. gr.

**Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.**

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1 100 kr. en síðari ferðir að frádregnum 550 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472/1985.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ****um bensíngjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. janúar 1987 skal gjald þetta nema kr. 10,49 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. janúar 1987. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 363/1985 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. janúar 1987 skal greiða kr. 0,95 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. janúar 1987 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1987.

## 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 363/1985 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Lárus Ögmundsson.

## REGLUGERÐ

### um þungaskatt.

## 1. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	38 880	2800 — 2999	63 920
1000 — 1999	49 700	3000 — 3199	66 760
2000 — 2199	52 540	3200 — 3399	69 600
2200 — 2399	55 380	3400 — 3599	72 450
2400 — 2599	58 230	3600 — 3799	75 290
2600 — 2799	61 070	3800 — 3999	78 130

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	50 540	2800 — 2999	83 090
1000 — 1999	64 610	3000 — 3199	86 790
2000 — 2199	68 300	3200 — 3399	90 480
2200 — 2399	72 000	3400 — 3599	94 180
2400 — 2599	75 700	3600 — 3799	97 880
2600 — 2799	79 390	3800 — 3999	101 570

## 2. gr.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra